

Ed.

137. Frumvarp

til laga um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja o. fl.

Flutningsmaður: Björn Þorláksson.

1. gr.

Á Íslandi er bannað að brugga eða búa til áfenga drykki. En það er áfengur drykkur eftir lögum þessum, sem í er meira en $2\frac{1}{4}\%$ af vínanda eða alkohóli að rúmmáli.

2. gr.

Það er og bannað að gera áfengi, sem er eða gert hefir verið óhæft til drykkjar, aftur drekkandi.

3. gr.

Brot gegn 1. grein varðar 200—2000 króna sektum.

4. gr.

Brot gegn 2. grein, varðar 50—500 króna sektum. Tilraunir varða sömu sektum.

5. gr.

Allar sektir renna í landssjóð.

6. gr.

Öll áhöld, er notuð hafa verið við bruggun eða tilbúning áfengra drykkja eða við tilraun til þess að gera áfengi, sem er óhæft til drykkjar, aftur drekkandi, svo og áfengið, sem búið hefir verið til eða reynt hefir verið að gera aftur drekkandi, ásamt ílátum, skal vera upptækt og andvirðið renna í landssjóð.

7. gr.

Með brot gegn lögum þessum, skal fara sem með almenn lögreglumál.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og falla um leið úr gildi lög um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja frá 12. janúar 1900.